

Til sveitarstjórnar Strandabyggðar

Við, undirbúningshópur nýrrar fjölskylduhátíðar á Ströndum, sem hefur fengið heitið „Sameinumst á Ströndum“, óskum hér með formlega eftir aðkomu sveitarfélagsins að hátíðinni. Hátíðin verður dagana 9-11 ágúst n.k. Okkar væntingar eru þær að þessi hátíð endurveki þá gleði og hamingju meðal íbúa sem hefur gjarnan fylgt bæjarhátíðum í Strandabyggð, en okkur þykir hafa dvínað á undaförnum árum. Undirbúningur gengur vel og allir eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum. Áhugi og virkni íbúa er mikil og má nefna að ungmennaráð spilar stórt hlutverk í framkvæmd hátíðarinnar.

Við óskum eftir eftirfarandi stuðningi af hálfu sveitarfélagsins:

- Beinn fjárstuðningur í byrjun, til að koma verkefninu betur af stað. Þar hugsum við okkur stuðning á bilinu 2-4 milljónir
- Óbeinn stuðningur í formi aðgengis að húsnæði og mannafla sveitarfélagsins, eins og við á
- Aðgengi að tjaldsvæði, salernisastöðu og snyrtingu.

Að auki óskum við eftir formlegri staðfestingu sveitarfélagsins varðandi stuðning við hátíðina. Sveitarfélagið væri þar með eins konar bakhjarl hátíðarinnar og slík staðfesting er okkur mikilvæg í allri markaðssetningu og samingaviðræðum við birgja, listamenn ofl.

Við óskum þess að erindið verði tekið fyrir á sveitarstjórnarfundi þann 11. Júní n.k.

f.h. undirbúningshóps

Guðrún Júlíana Sigurðardóttir